

# KJARVAL



798 KR. KG

Godá Gourmet nautahakk



1299 KR. KG

Godá gríshnakkí og létt-reyktur hunangsrís



749 KR. PKL

Godá pítupakki 6 stk.



498 KR. PKL

Ch. Town pizzur 2 teg.



169 KR. PKL

Godá kæfa

798 KR. KG

Godá álegg



798 KR. KG

Ýsubitar roð- og beinlausir



439 KR. PKL

Kellogg's Special K



249 KR. PKL

Freju Buffalo bitar



299 KR. STR.

Myllu heilheiti samlokubrauð



119 KR. STK.

Líf 100% ávaxtasafi



199 KR. PKL

Skóla Ágúrkur



349 KR. PKL

Kellogg's Special K - orkustangir



398 KR. PKL

McCain franskar

- Þín tilboð í Kjarval -

# VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

## Útsala

Barnafatnaður 20-40%

Kvenfatnaður 30-60%

10% af skólafatnaði og skólavörum

Klakkur verslun,

Smíðjuvegi 9, 870 Vík

☎ 487 1223

SMÁAUGLÝSINGAR



Auglýsing frá

Skaftárhreppi

Frá og með mánudeginum 25. ágúst verður síma- og viðtals tími Skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps frá kl 10 til 12 á mánudögum og þriðjudögum



Sveitarstjórn Mýrdalshrepps

er boðuð til fundar fimmtudaginn 21. ágúst 2008 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík. Dagskrá fundarins má finna á auglýsingatöflu í anddyri skrifstofunnar og á vef Mýrdalshrepps [www.vik.is](http://www.vik.is)

Sveitarstjóri

34. TBL. 12. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 20. ÁGÚST 2008

# Skógardagur skógræktarfélagssins

**Skógardagur skógræktarfélagssins Merkur**  
verður haldinn í skógarreit félagsins, Stórahvammi, Fossi á Síðu  
laugardaginn 23. ágúst n.k. kl. 14:00

Dagskráin hefst með skógarskoðun. Helga Viðarsdóttir mætir með gítarinn, við tókum lagið og gleðjumst saman yfir gróskuríku sumri í fögru umhverfi.

Veitingar í boði skógræktarfélagssins.

Munið, það er ávallt gott veður í skóginum !  
Allir hjartanlega velkomnir.

**Skógræktarfélagið Mörk, Kirkjubæjarklaustri.**

## Aðalsafnaðarfundur

### Þykkvabæjarklausturssóknar

Verður haldinn í þjónustuhúsi Þykkvabæjarklausturssóknar  
þriðjudaginn 26. ágúst kl. 21.00.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kosning tveggja aðalmanna í sóknarnefnd.

Önnur mál.

Sóknarnefnd

### Til sölu

Hyster 250 dísel lyftari með snúning.  
Case 1150C jarðýta .

Nánari upplýsingar í síma 487-4861

### Óska eftir

ritinu Vestur Skaftfellingar til  
kaups

Uppl. í síma 471 1890

## Kirkjubæjarskóli á Síðu



KIRKJUBÆJARSKÓLI

Skólasetning verður n.k. föstudag  
22. ágúst kl. 14 í matsal skólans.  
Nánari upplýsingar er að finna á [www.kbs.is](http://www.kbs.is)

Kveðja. Starfsfólk

### Fella Th 670 6 stjórnun

Vantar þig varahluti í gamla  
Turboheur Fellu Th 670. Flestar  
stjórnur heilar, öll gúmmí (dekk)  
heil og ógölluð.

Er á leið á haugana. Ef einhver  
telur sig hafa not fyrir hluti úr  
vélinni þá vinsaml. hafið samband í  
síma **487 1299 Eypór**

**Jón Pálmason**, þingmaður Austur-  
Húnavetninga, var fljótur að grípa til  
stökunnar. Hann var bóndi og sótti stund-  
um líkingar í sveitalífið. En það er  
velþekkt atferli hrúta að brjóta niður öll  
skilrúm þegar sá gállinn er á þeim.

Þau voru sessunautar, Kristín  
Sigurðardóttir þingmaður Reykvíkinga  
og Jón Gíslason þingmaður Vestur  
Skaftfellinga. Nú ber svo til að brotnar  
armur af stól annars hvors þeirra og varð  
það tilefni eftirfarandi stöku:

Eykst á þingi ástarfar,  
er nú helsti til frásagnar:  
milligerðið mölbrotnar  
milli Jóns og Kristínar.

*Bæn hestsins*

Gefðu mér að éta og drekka og gættu mín að  
loknu dagsverki

Veittu mér húsaskjól, hreinan og nægjanlega  
stóran bás í hesthúsinu.

Sýndu mér ástúð, talaðu við mig. Rödd þín og  
orð auðvelda mér að skilja taumhaldið.  
Nærgætni þína launa ég með vinnugleði og  
væntumþykju.

Rykktu ekki í taumana þegar á brattan særir.  
Beittu ekki svipunni þegar ég misskil þig, gefðu  
mér heldur tíma til að átta mig.

Ályktaðu ekki að ég sé latur eða óhlýðinn, ef ég  
uppfylli ekki óskir þínar strax. Ef til vill eru  
hófar mínir aumir eða reiðtygin fara ekki eins  
og skyldi.

Athugaðu tennur mínar, þegar ég veigra mér  
við að þiggja gömsæta tuggu, ef til vill meiðir  
einhver þeirra, þú veist hversu sárt það getur  
verið.

Hafðu ekki of stutt í múlnum og stíffðu tagl mitt  
ekki stutt, þú veist það er mín eina vörn gegn  
flugum.

Ög þegar að lokaáfangu dregur, kæri húsbóndi  
og ég get ekki þjónað þér lengur, láttu mig ekki  
líða hungur né kulda. Seldu mig ekki til fram-  
andi húsbónda sem lætur mig ef til vill líða  
hægfare hungurdaða.

Ó, vertu mér miskunnsamur, veit mér heldur  
sársaukalaus og snöggan dauða.

Heyr bæn mína og uppfylltu óskir mínar til  
hinstu stundar. Guð mun launa þér á efsta degi.  
Amen

Úr gömlu ensku hesthúsi

# Sundlaugin Kirkjubæjarklaustri

verður lokuð vegna framkvæmda frá 25. ágúst til 30. ágúst

*Forstöðumaður*

Leyndarmál bláa kattarins.

Einu sinni var köttur. Hann var alveg eins og hver annar venjulegur íslenskur fjósaköttur nema að hann var blár. Einn góðan veðurdag var hann í óvenju góðu skapi. Eftir að hafa fengið sér vænan fiskverð og vatnssopa stökk hann út um eldhúsgluggann, setti upp á sér stýrið og spígsporaði hnarreistur niður götuna. Sem hann gekk söng hann við raust.

--- Ég á líka leyndarmál sem enginn má fá að vita. Mjá, mjá, mjá, mjá, mjá.

Hann hafði ekki gengið lengi þegar hann mætti öðrum ketti.

--- Komdu sæll blái köttur. Viltu segja mér leyndarmálið, sagði hann.

--- Nei, sagði blái kötturinn.

--- Gerðu það. Ég er svo forvitinn. Og þá skal ég gefa þér fulla skál af mjólk.

--- Nei, sagði blái kötturinn ákveðinn. Annars verður leyndarmálið ekki leyndarmál lengur.

--- Æi, sagði hinn kötturinn.

Svo hélt blái kötturinn áfram sem leið lá niður eftir götunni og söng við raust þangað til hann kom niður í bæ.

--- Ég á líka leyndarmál sem enginn má fá að vita. Mjá, mjá, mjá, mjá, mjá.

Þá mætti hann hundi.

--- Komdu sæll blái köttur. Viltu segja mér leyndarmálið, sagði hann.

--- Nei, sagði blái kötturinn.

--- Gerðu það. Ég er svo forvitinn. Og þá skal ég gefa stórt og gómsætt kjötbein.

--- Nei, sagði blái kötturinn ákveðinn.

Annars verður leyndarmálið ekki leyndarmál lengur.

--- Æi, sagði hundurinn.

Svo hélt blái kötturinn áfram sem leið lá út úr bænum og söng við raust. Hann var svo upptekinn af sjálfum sér að fyrr en varði var hann kominn langt út í skóg.

--- Ég á líka leyndarmál sem enginn má fá að vita. Mjá, mjá, mjá, mjá, mjá.

Þá mætti hann úlfi.

--- Komdu sæll blái köttur. Viltu segja mér leyndarmálið, sagði hann.

--- Nei, sagði blái kötturinn.

--- Gerðu það. Ég er svo forvitinn. Annars skal ég éta þig upp til agna.

--- Nei, sagði blái kötturinn ákveðinn. Annars verður leyndarmálið ekki leyndarmál lengur.

Svo stökk hann af stað eins hratt og fætunir gátu borið hann. En úlfurinn hljóp enn hraðar. Von bráðar náði hann bláa kettinum og glepti hann í einum munnbita.

--- Æi, sagði úlfurinn. Nú fæ ég aldrei að vita leyndarmálið.

Og enginn hefur nokkru sinni komist að leyndarmáli bláa kattarins.



## Í samræmi við heimildarákvæði

í 17. gr. fjallskilasamþykktar Vestur-Skaftafellssýslu nr. 360/2006 hefur sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkt að veita fjáreigendum sem þess óska undanþágu frá álagningu fjallskilagjalds vegna fjárfjöldu, að því tilskyldu að ekkert fé komi frá þeim í safni eða eftirleitum og viðkomandi aðili eigi ekki sameiginleg heimalönd með öðrum.

Fjallskilaskyldir aðilar í Mýrdalshreppi sem telja að þeir falli innan ofangreindra ákvæða og vilja sækja um undanþágu skulu senda sveitarstjórn skriflega umsókn þar að lútandi fyrir lok ágústmánaðar 2008.

Sveitarstjóri Mýrdalshrepps



## Grunnskóli Mýrdalshrepps

### Skólaliði

Starf skólaliða er laust til umsóknar.

Nánari upplýsingar hjá skólastjóra

s: 487 1242

og á Skrifstofu Mýrdalshrepps

s: 487 1210

### VÍSUR VIKUNNAR


Litla Jörp með lipran fót,  
labbar götu þvera.  
Hún mun seinna' á manna mót,  
mig í söðli bera.

Rauður minn er sterkur stór,  
stinnur mjög til ferðalags,  
suð'r á land hann feitur fór,  
fallegur á tagl og fax.

Litli Skjóni leikur sér,  
lipurt hefur fótatak,  
pabbi góður gaf hann mér,  
gaman er að skreppa' á bak.

Farðu hægt við folann minn,  
fáum hann reynist þægur.  
Hann er eins og heimurinn,  
hrekkjóttur og slægur.

Ýmsir höfundar



## Á bæ þeim sem á Bakka heitir í Svarfaðardal bjó bóndi einn fyrir löngu.

Hann átti þrjá sonu: Gísli, Eiríkur og Helga; voru þeir orðlagðir fyrir heimsku og heimskupör.

### Blöndukúturinn

Róa til fiskidráttar  
knálegir Bakkabræður  
ásamt föðurnum góða,  
-karlinn kænunni ræður.  
Nú eru synir hans loksins  
orðnir sterkir og stórir.  
Þarna standa þeir bognir  
við færin sín-allir fjórir.

Sólskinið glitrar fjörðinn,  
leikur sér báran blá,  
máfurinn steypir sér glaður  
ofan frá himninum háa.  
Nú er þó gaman að keipa,  
-fiskur rykkir í færið.  
Sjáið, hve hendurnar fegnu  
leika snarlega um snærið.

Heima í litlu koti  
trogið er tómt og bíður.  
Blítt lætur veröldin, þegar  
í pottinum seinna meir sýður.  
Mikið er heitt í veðri,  
-svitinn seytlar um vanga.  
Þarna er dreginn að borði  
stór og stritandi langa.

Karlinn hægir nú á sér  
lítur hreykinn á hlutinn,  
-grípur um hjartað og stynur,  
leggst svo lúinn í skutinn,  
mænir heim yfir fjörðinn  
á blessaðan bæinn sinn þekka,  
-kallar til sonanna þriggja,  
bíður um blöndu að drekka.

Gísli í kuðung hrekkur,  
í austurinn fiski fleygir,  
sest síðan agndofa niður,  
hristir sitt höfuð og segir,  
um leið og hann klórar sér öllum,

bæði þreyttur og þrútin:  
"Gísli - Eiríkur - Helgi,  
faðir vor kallar kútinn."

Eiríkur rær á þóftu,  
skimandi upp til skýja,  
allt eins smeykur og Gísli  
við þennan vandann nýja,  
kallar svo út í bláinn,  
haldandi um öngulhnútinn:  
"Gísli - Eiríkur - Helgi,  
faðir vor kallar kútinn."

Helgi undrandi starir  
á bræðurna sína báða:  
faðirinn góði er þyrstur,  
-hvað er nú helst til ráða ?-  
þurrkar af enni svitann,  
umlar ofan í klútinn:  
"Gísli - Eiríkur - Helgi,  
faðir vor kallar kútinn."

Þarna húka þeir allir,  
fullir af ógleði og ama,  
yfir dauðþyrstum föður,  
og bergmála sífellt það sama,  
hreyfingarlausir sem steinar  
og án þess að opna stútinn:  
"Gísli - Eiríkur - Helgi,  
faðir vor kallar kútinn."

Svo skeður það, að karlinn  
geispar og gefur upp andann. -  
Þá loks er allt í lagi  
og búið með voðann og vandann.  
-Þeir róa til lands eins og hetjur  
og stíga heilir á ströndu  
með fiskinn, líkið - og kútinn  
fleytifullan af blöndu.

*Jóhannes úr Kötlum. Ljódasafn IX, Barnaljód,  
Mál og Menning 1984.*



Í júlímánuði sl. fóru þeir félagar, Sigurður Hjálmarsson og Guðjón Guðmundsson inn að Deildarárskóla. Eftirfarandi texti og myndir eru teknar af Ferðafélagi Mýrdælinga: **25.07. 2008** Nú er panelklæðning innan úr Deildarárskóla komin til Víkur til geymslu þangað til nýtt hús getur tekið við henni. Eftir aðgerðir dagsins er ekkert annað að gera en að ríffa húsið og það sem allra fyrst þar sem afréttisáin sækir verulega að því og ekkert nothæft eftir í húsinu.



**21.07.2008** Unnið við húsgrunn. Í dag fórum við Guðjón Þ. Guðmundsson inn í afrétt á traktor með sturtuvagni frá Karli í Kerlingardal, á vagninum vorum við með gröfuna hans Emils Sæmundssonar. Vorum að undirbúa grunn Deildarárskóla fyrir plötu-steypu og bárum í nýjan slóða að grunninum. Á morgun er stefnan að festa mótin á grunninn og gera þau klár fyrir steypu. S.H.